

Vinkonur Krists og prestur á villigötum

Bókaútgáfan Hringaná hefur sent frá sér fjórar bækur. Ein bókanna kom út samtímis hér á landi og í Bretlandi. Bók eftir nýjan glæpasagnahöfund er á leiðinni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



sem þýðir erlendu bækurnar sem Hringaná gefur út.

Konur sem stóðu með Kristi

Ein hinna nýútkomnu bóka er Fokið í flest skjól eftir Stephen Hough tónlistarmann, rithöfund og listmálara. Þetta er fyrsta skáldsaga hans og segir frá Joseph Flynn, kaþólskum presti sem ánetjast kynlífi með kórdröngjum. „Ragnar las um hana í TLS. Við höfum verið að gefa út hinsegin bókmenntir og þessi passar þar vel inn í. Ég byrjaði að lesa hana og var strax tilbúinn að þýða hana,“ segir Ari.

Skáldsagan Konurnar báru nöfn eftir Jeet Thayil, er fjórða skáldsaga indverska rithöfundarins og þar er saga kvennanna sem stóðu með Kristi sögð út frá sjónarhóli þeirra. Bókin kom samtímis út hér á landi og í Bretlandi. „Ég var búinn að eiga samskipti við umboðsskrifstofu í London út af öðrum bókum og fékk þetta handrit sent frá þeim fyrir

Ari Blöndal Eggertsson stofnaði bókaútgáfunu Hringaná í janúar 2019 ásamt manni sínum Ragnar H. Blöndal. Fyrsta bókin kom út snemma árs 2019, ljóðabók eftir Ragnar, en alls hefur forlagið gefið út 15 bækur, fjórar komu út á dögunum.

Ari segir útgáfuna hafa gengið bærilega þótt sumar bækurnar mættu seljast betur. Áherslan er á þýddar bækur. „Ragnar, maðurinn minn og meðeigandi, hefur lengi lesið Times Literary Supplement, þar sem fjallað er um áhugaverðar bækur. Hann kemur með tillögur og ég skoða síðan hvort mér list á að taka þær til þýðinga,“ segir Ari



Ari er þegar farinn að huga að frekari útgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

rúmu ári. Bókin kom í bókabúðir hér á landi fyrir páska, sama dag og hún kom út í Bretlandi.“

Endurminningabókin Ég var lækni í Auschwitz er eftir hina

ungversku Gisellu Perl en hún var látin stunda lækningar undir stjórn Josefs Mengele. Bókin var fyrst gefin út á ensku árið 1948. „Það er búið að skrifa ógrynni af bókum um hryll-

inginn í þýsku fangabúðunum, en kannski er aldrei of mikið af þeim. Þessir atburðir mega ekki gleymast,“ segir Ari.

Fjórða bókin er Corpus delicti eftir Ragnar H. Blöndal. Þetta er þriðja ljóðabókin sem Hringaná gefur út eftir Ragnar og ný ljóðabók eftir hann er væntanleg á næsta ári. Að þessu sinni fjalla flest ljóðanna um sára reynslu fólks af öðru fólki.

Um alls konar fólk er að ræða, bæði fullorðna og börn, og einstaka sinnum er ljóðmælandinn sjálfur kvalarinn.

Nýr glæpasagnahöfundur

Ari er þegar byrjaður að huga að næstu bókum til útgáfu. „Við erum með í vinnslu spennutrylli, þegar nóttin sýnir klærnar, sem gerist í Mosfellsbæ og er eftir nýjan, íslenskan höfund, Ólaf Unnsteinsson. Þar er fléttan virkilega skemmtileg og spennandi,“ segir Ari. Þýðing á The Terrible eftir Yrsu Daley-Ward, sem fær heitið Skelfingin á íslensku er nær tilbúin. Þetta er berorð uppvaxtar- og þroskasaga Yrsu sem ýmislegt hefur starfað, til dæmis sem skrifstofustúlka, söngkona, fyrirsæta, kjóltudansari, fylgdarkona og ljóðskáld. Uppsetning bókarinnar er ljóðræn á köflum.

Þegar nóttin sýnir klærnar og Skelfingin koma út í byrjun sumars.

„Svo er ég að þýða sakamálasögu sem heitir You can go home now og fjallar um lögreglukonu sem villir á sér heimildir og kemur sér inn í kvænnaathvarf til að rannsaka morð sem tengjast konum sem leituðu skjóls þar. Ágætlega fléttuð spennusaga með léttum húmor og óvæntum endi.“



Duo Landon leikur í Breiðholtskirkju á laugardag.

Vorvindar blása í Breiðholtskirkju

Á tónleikum 15:15 tónleikasýrpunnar í Breiðholtskirkju laugardaginn 1. maí mun Duo Landon flytja efnisskrá undir yfirskriftinni Vorvindar. Duo Landon skipa fiðluleikararnir Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer, en þau leika á fiðlur eftir fiðlusmiðinn Christopher Landon og þaðan er nafnið á dúóinu dregið. Á þessum tónleikum mun Martin leika á víólu sem Jón Marínó Jónsson hljóðfæra-

» Á þessum tónleikum mun Martin leika á víólu sem Jón Marínó Jónsson hljóðfæra-smiður smíðaði.

smiður smíðaði. Á efnisskrá tónleikanna eru dúettar fyrir fiðlu og víólu eftir tónskáldin W.A. Mozart, B.J. Martinu og G.F. Händel / J. Halvorsen.



Uppsifling verður í Hannesarholti á sunnudag.

Uppsifling í Hannesarholti

Söngstund Hannesarholts á sunnudaginn 2. maí klukkan 14.00 er stjórnaf af Uppsiflingu, félagi fólks á Suðurnesjum sem alla jafna kemur saman í Skátaheimilinu í Keflavík til að syngja sér til ánægju við undirleik gítars, mandólíns, bassa og fleiri hljóðfæra. Uppsifling hefur starfað frá 1995 og átti forvera í söng- og skemmtifélaginu Samstillingu, sem starfaði á árum áður í Hljóm-

» Söngfélagar hafa sérstaka ánægju af að halda lífi í gömlum lögum og textum.

skálanum í Reykjavík. Söngfélagar hafa sérstaka ánægju af að halda lífi í gömlum lögum og textum sem heyrast sjaldan núorðið. Streymt verður frá söngstundinni.

AUGLÝSING UM BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI KEFLAVÍKURFLUGVALLAR OG DEILISKIPULAGI Á ÖRYGGISSVÆÐINU Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030.
- Breyting á byggingarheimildum á öryggissvæðinu (svæði B).

Utánríkisráðuneytið og Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hafa samþykkt að kynna tillögu að breyttu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar í samræmi við 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felur í sér auknar byggingarheimildir á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar. Óskað er eftir ábendingum vegna tillögunnar fyrir 9. júní 2021. Tillagan er kynnt á heimasíðu Isavia; isavia.is/skipulag-i-kyningu og á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli

Utánríkisráðuneytið hefur falið Landhelgisgæslu Íslands að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæsla Íslands auglýsir hér með í samræmi við 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Helstu breytingar eru m.a. viðbótar byggingarheimildir, breytingar og stækkun á byggingarreitum og nýir byggingarreitir. Þá eru afmörkuð svæði fyrir efnisvinnslusvæði, skotvöll og birgðageymslusvæði, breytingar gerðar á byggingarreitum í því samhengi og byggingarheimild hækkuð.

Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Nánari upplýsingar veitir skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og öryggissvæða, sveinn.valdimarsson@isavia.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillögunar. Skila má skriflegum athugasemdum í gegnum Samráðsgáttina, með bréfi til Landhelgisgæslu Íslands (b.t. Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúa, Þjóðbraut 1, 235 Keflavíkurflugvöllur) eða með því að senda tölvupóst á netfangið sveinn.valdimarsson@isavia.is. Frestur til að gera athugasemdir er til 9. júní 2021.